

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.

111

23. ágúst

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2.5% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur samkv. 1. mgr. skal vera 50 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar, sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, skal vera kr. 10.00 fyrir hverja 1000 lítra.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir 70 aurum fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5.

111 júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist 23. ágúst til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1954.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

112

27. ágúst

AUGLÝSING

um staðfestingu heilbrigðismálaráðuneytisins á sóttvarnarreglugerð samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 34 12. apríl 1954.

SÓTTVARNARREGLUGERÐ

I. KAFLI

Sóttvarnarsóttir.

1. gr.

Sóttvarnarsóttir, þ. e. þær sóttir, er sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæð- um sóttvarnarlaga ber að beita gegn, eru eftirgreindar sóttir:

1. bólusótt (variola);
2. dílasótt (typhus exanthematicus);
3. kólera (cholera asiatica);
4. rykkjasótt (febris recurrens);
5. svartí dauði (pestis).

II. KAFLI

Sóttvarnarráðstafanir gegn sóttvarnarsóttum.

A. Bólusótt.

2. gr.

Meðgöngutími bólusóttar telst 14 sólarhringar.

3. gr.

Ef menn, er koma til landsins, hafa fyrir skemmri tíma en nemur fullum með- göngutíma bólusóttar komið við á eða haft samskipti við bólusýkt svæði, er heimilt að láta þá undirgangast kúabólusetningu eða hlíta sóttvarnareftirliti, eða sæta hvoru tveggja, nema örugglega megi telja þá ónæma fyrir bólusótt, annað hvort vegna undan- genginnar kúabólusetningar eða fyrir það, að þeir hafi þegar haft bólusótt. Nú neita hlutaðeigendur að undirgangast kúabólusetningu, og skal þá láta þá sæta einangrun. Eftirlits- og einangrunartími vegna bólusóttar má ekki vera lengri en nemi 14 sólar- hringum, talið frá þeim tíma, er hlutaðeigendur höfðu síðast samskipti við hið bólusýkta svæði. Gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð skal telja fullnægjandi sönnun fyrir bólusóttarónæmi.

4. gr.

Skip eða flugfar telst *bólusýkt*:

- a. ef innan borðs er sjúklingur veikur af bólusótt;
- b. ef bólusótt hefur gert vart við sig í skipinu (flugfarinu) á leið þess.